

Melaskóli
Samsöngur 3. október 2025
Yngri nemendur



*Melaskóli, skólinn kæri,
í skjóli þínu mest ég læri.
Fyrsti, annar, þriðji, fjórði,
fimmti, sjötti, sjöundi bekkur
hvert ár með þér ómissandi hlekkur
í einstakri keðju, sérstakt tækifæri.*

Afmælissöngur

Hann á afmæli í dag,
syngjum hátíðarbrag.
Lengi lifi Melaskóli,
hann er 79 ára í dag.

Melaskóli

Gunnar Gunnarsson/Ólafur Jóhannsson

Í Melaskóla' er margt að gera,
svo mikið jafnan um að vera
því hér er bæði gagn og gaman
og gott að koma hérna saman.

Í skóla vinir öll við erum,
þar okkar besta jafnan gerum,
og öðru fólki virðing veitum
en visku, færni' og þroska leitum.

*Melaskóli, skólinn kæri,
í skjóli þínu mest ég læri.
Fyrsti, annar, þriðji, fjórði,
fimmti, sjötti, sjöundi bekkur
hvert ár með þér ómissandi hlekkur
í einstakri keðju, sérstakt tækifæri.*

Við þurfum fyrst að læra' að lifa
svo lærum við að reikna' og skrifa
en líka sérhvert líf að virða,
um landið okkar vel að hirða.

En tíminn alltaf áfram líður
því aldrei situr hann og bíður.
Loks taka bernskuárin enda,
samt enn við munum kveðju senda:



HRÓSRÖÐ

Svava María Þórðardóttir/Ingibjörg Gunnarsdóttir

Hrósröð xxx
Hrósröð xxx

H fyrir hendur hjá sér
R fyrir rödd í fríi
Ó fyrir óslitin röð
og S þýðir snúa fram



Melaskóli
Samsöngur 3. október 2025
Yngri nemendur

Smaladrengurinn

Skúli Halldórsson/Steingrímur Thorsteinsson

Út um græna grundu
gakktu hjörðin mín.
Yndi vorsins undu,
eg skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,
snerti gleðstreng.
Leikið lömb í kring um
lítinn smaladreng.



Haustvísa

Belgískt þjóðlag/Herdís Egilsdóttir þýddi úr sænsku

1. Hvert er horfið lafið
sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji
verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað,
orðin gul og rauð.
Ef ég horfi miklu lengur
verður hríslan auð.

2. Nú er ís á vatni
sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum
ljóma slær.
Ég brýt heilann um það - segðu
mér
hvað heldur þú?
Kemur haustið fyrst á morgun?
Er það komið nú?
3. Nú er grettin jörðin
eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur
þar sem grasið var.
Yfir fyrrum gróna bala
liggja frosin spor.
Ég verð kuldatið að þola
þar til kemur vor.

Amma og draugarnir

Írskt þjóðlag/Jónas Árnason

1. Hún amma mín gamla
lá úti í gljúfri.
Dimmt var það gljúfur
og draugalegt mjög.

*En amma mín mælti
og útaf hún hallaði sér:
"Ég læt engan svipta mig svefni í
nótt,
sama hver draugurinn er".*

2. Kom þar hún Skotta
með skotthúfu ljóta.
Tönnum hún gnísti,
glotti og hló.
En amma mín mælti...

Melaskóli
Samsöngur 3. október 2025
Yngri nemendur

3. Kom þar hann Móri
á mórauðri treyju,
ofan sitt höfuð
af hálsinum tók.
En amma mín mælti...

4. Kom þar hann Glámur
með glyrnurnar rauðar.
Kurteislegt ekki
var augnaráð hans.
En amma mín mælti...

5. Kom þar einn Boli,
kenndur við Þorgeir,
æstur í skapi
og öskraði hátt.
En amma mín mælti...

6. Loks kom hann afi
að leita að ömmu.
“Æ, ertu hér,” sagði hann
“elskan mín góð”.

*En amma mín mælti
og útaf hún hallaði sér:
“Ég læt engan svipta mig svefni í
nótt,
sama hver draugurinn er”.*

Síldarvalsinn

Steingrímur Sigfússon/Haraldur Sófaniásson

Syngjandi sæll og glaður,
til síldveiða nú ég held.
Það er gaman á Grímseyjarsundi
við glampandi kvöldsólareld,
þegar hækkar í lest og hleðst mitt skip
við “háfana” fleiri og fleiri.
Svo landa ég síldinni sitt á hvað:
á Dalvík og Dagverðareyri.

Seinna er sumri hallar
og súld og bræla er,
þá held ég fleyi til hafnar.
Í hrifningu skemmti ég mér.
á dunandi balli, við dillandi spil
og dansana fleiri og fleiri.
Því nóg er um hýreyg og heillandi
sprund
á Dalvík og Dagverðareyri.



Traustur vinur

Jóhann G. Jóhannsson

Enginn veit fyrr en reynir á
hvort vini áttu þá.
Fyrirheit gleymast þá furðu fljótt
þegar fellur á niðimm nótt.

Já, sagt er að, þegar af könnunni ölið er,
fljótt þá vinurinn fer.
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun,
fyrir þína hönd, guði sé laun.

*Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu, sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert kraftaverk.*

Melaskóli
Samsöngur 3. október 2025
Yngri nemendur

Mér varð á og þungan dóm ég hlaut,
ég villtist af réttri braut.
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun
fyrir þína hönd, guði sé laun.

*Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu, sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert kraftaverk.*

*Já, stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu, sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert kraftaverk.*

